

FJÖLL OG FRÓÐLEIKUR

I

Framúrskarandi skemmtileg mynd af fjöllum á Snæfellsnesi norðanverðu, eftir Freymóð Jóhannsson, hefir verið hér í sýningarglugga undanfarið. Eru það Kirkjufell og Stöðin. Víða er fagurt landslag á Snæfellsnesi og einkennilegt. — Helgi Hjörvar hefir lýst þessu af mikilli snilld í einni af árbókum Ferðafélagsins — en ekkert þó sem mér þykir eins mikið varið í að sjá og fjöllin þessi sem ég nefndi. Kemur þar nú að vísu ekki eingöngu landslagsfegurðin til, heldur einnig hitt, hversu stórmerkileg fell þessi eru fyrir jarðfræði Íslands. Nálega 1000 feta djúpt í Kirkjufelli er lag sem hefir að geyma leifar sjávardýra (skeljar). Slíku hafði enginn búist við í basaltfjalli, og skeljar þessar veittu nýjan og óvæntan fróðleik um aldur nokkurs hluta af basaltmyndaninni. Er hún að nokkru leyti miklu yngri en haldið hafði verið, myndunarsaga Íslands, með öðrum orðum, talsvert öðruvísi og allmiklu fróðlegri. En þessi stórmerkilega pleistocena basaltmyndun, hefir ekki ennþá vakið þá athygli sem vert er. Það er t. d. ekki á hana minnst í verkinu Deutsche Islandsforschung, og í skólunum er ekki farið að kenna neitt um hana ennþá. Saga þessara rannsókna er ekki ófróðleg, þó að hér verði aðeins fátt af henni sagt. Þegar ég hafði fundið skeljalagið í Búlandshöfða, hélt ég fyrst að það ætti heima í móbergsmýndaninni — hafði farið fram hjá Kirkjufelli án þess að gruna, hversu merkilegan fróðleik var að finna djúpt í þessu basaltfjalli. Aftur á móti grunaði mig fljótt, er ég virti fyrir mér Búlandshöfðalagið, að þar mundi vera skel sem heitir Portlandia — eða Yoldia — arctica, og er jarðfræðilega mjög mikilsverð, því að hún er kuldaskel svo mikil

að hún lifir nú ekki sunnar en við Svalbarða. Ekki fann ég þó þessa skel þarna, en svo heppilega vildi til að ég kynntist pilti á fermingaraldri sem heima átti ekki langt frá höfðanum og mér leist mjög greindarlega á. Bað ég pilt þennan um að safna þarna fyrir mig skeljum, og leysti hann það starf svo vel af hendi, að enginn sem ég hefi beðið um slíkt, hefir gert neitt líkt því. Og hann fann hina þráðu Portlandia (eða Yoldia, eins og þá var vanalegra að kalla skel þessa). Drengur þessi er nú þjóðkunnur maður, og hefi ég nefnt hann áður hér í greininni.

II

Í sumar sem leið, fannst Portlandia enn, þannig að mikill fróðleiksauki er að. Það var norður á Tjörnesi; en finnandinn hinn áhugasami jarðfræðingur og ferðagarpur Jóhannes Áskelsson. Fann Jóhannes skelina í leirsteini við Breiðuvík, norðantil á nesinu. Próf. Guðm. heitinn Bárðarson, sem svo aðdánlega hefir rannsakað skeljalögin á Tjörnesi, hafði borið brigður á mitt mat á jarðmyndun þarna við Breiðuvíkina en Portlandia tekur af öll tvímæli. Kuldaskelin sýnir, að leirsteinninn þarna er mun yngri en skeljalögin vestan á þessu stórfróðlega nesi. En þó er leirsteinnur þessi mörgum þúsundum ára eldri en ísaldarmenjar þær, sem hér á landi voru kunnar um síðustu aldamót, er próf. Þorv. Thoroddsen hafði lokið rannsóknum sínum.

III

Munur sá á loftslagi og sjávarhita sem skeljaleifar þessar norðan og vestan á Tjörnesi benda til, er líkt og landið hefði verið dregið sunnan úr Englandshafi og norður að Svalbarða. Þetta er ótrúlegt; en vitnisburður jarðlaganna virðist óyggjandi. Ætti það að vera vel lagað til að auka áhugamanna á slíkum efnum, að tíðindi af þessu tagi eru hér einmitt nú að gerast, á þessum árum. Breytingar eru hér að verða á sjávarhita og loftslagi mjög líkt því sem yrði, ef landið væri dregið suður á við. Má hér nefna einkennilegt og fróðlegt dæmi úr sögu þessarar breytingar. Jóhannes

Áskelsson sagði mér frá því um daginn, að hann hefði fengið lifandi Purpura lapillus norðan af Skaga. En fyrsta útlanda ritgerð Guðm. Bárðarsonar er um skeldýr þetta. Hann hafði veitt því eftirtekt, að Purpura lifði ekki við Húnaflóa, en aftur á móti voru leifar þessa dýrs í fjörumyndun frá þeim tíma er sjávarborð var lítið eitt hærra þar um slóðir en nú. Mátti af þessu álykta, að sjór hefði kólnað við Norðurland á allra síðustu árabúsundum. Er það góð bending um gildi slíkra ályktana, að nú þegar sjórinn er að hlýna, flytur Purpura lapillus sig norður fyrir landið aftur. Einnig á Suðurlandi má finna þess merki, að sjór og loft hefir verið hlýrra en nú, og skammt síðan. 1906 fann ég að Breiðamerkurjökull er að moka upp leir sem mikið er í af leifum dýrs (*Aporrhais pes pelecani*) sem nú lifir ekki í sjónum þarna fyrir utan. Það er í augum uppi, að þegar skeldýr þetta gat lifað þarna, hefir Breiðamerkurjökull verið til mikilla muna minni en hann er nú. Og þó að skeljaleir þessi sé vafalaust nokkru eldri en bygging Íslands, þá má ýmislegt nefna sem sýnir, að jöklar á Suðurlandi hafa vaxið eigi alllítið síðan á landnámstíð og söguöld. Ættu slíkar athuganir ásamt loftslagsbreytingu þeirri sem nú er svo greinileg orðin, að forða mönnum frá að halda fram annarri eins fjarstæðu og þeirri, að loftslag hafi hér ekki breytst neitt verulega síðan landið byggðist. Það er vafalaust rangt, að kenna eingöngu landsfólkinu um hvarf skóganna og þá hnignun í búskap, sem svo mjög fer að gera vart við sig úr því að kemur fram yfir 1300. Og hinsvegar á hið batnandi loftslag óefað sinn þátt í því, sem ágengt hefir orðið á þessum síðustu árum, í jarðabótum, skógrækt og kornyrkju.

14. des. 1934.